

### 130 D. Póstflutningar á Íslandi 1879, eftir því hvernig þeir skiptust niður á pósta- afgreiðslustaðina.

Póstafgreiðslustaðir.	Borguð brjef.	Blaða- böggjar.	Óborguð brjef.	Peninga- brjef og sendingar	Böggul- sendingar.	Verð hins senda. kr. a.	Þyngd þess í póstpundum <sup>1</sup> .
Hraungerði . . . .	489	169	10	17	52	3874 59	106
Breiðibólstaður . .	1150	273	18	85	182	5141 09	436
Vestmannaeyjar . .	259	38	11	9	22	1703 32	65
Prestsbakki . . . .	530	107	20	69	104	7041 59	310
Bjarnanes . . . . .	528	127	9	30	104	1111 40	218
Djúpivogur . . . . .	439	78	16	27	36	1909 36	87
Seyðisfjörður . . .	1249	147	59	32	117	8267 61	347
Kollsstaðir . . . . .	2661	585	61	141	241	10277 53	526
Múli . . . . .	3676	478	141	158	415	15480 69	991
Akureyri . . . . .	3644	415	102	230	412	28191 22	1621
Víðimýri . . . . .	1362	338	51	49	238	4791 13	554
Sveinsstaðir . . . .	2280	335	26	109	375	13640 48	963
Strandasýsla . . . .	1762	489	66	84	349	12179 06	808
Hjarðarh. á Mýrum	1505	378	23	51	144	5761 47	332
Dalásýsla . . . . .	1435	380	55	62	200	5259 82	411
Stykkishólmur . . .	1131	285	52	48	212	6270 29	552
Bær . . . . .	1852	184	64	100	245	12145 91	522
Ísafjörður . . . . .	1998	93	81	63	229	16728 35	647
Reykjavík . . . . .	18678	308	835	1219	1424	232263 28	5644
Samtals	46628	5207	1700	2583	5101	392038 19	15140

Af hinum ofantöldu póstflutningum komu frá útlöndum 1879:

Póstafgreiðslustaðir eða brjefhirdingastaðir.	Borguð brjef.	Blaða- böggjar.	Óborguð brjef.	Peninga- brjef og sendingar	Böggul- sendingar.	Verð kr. a.	Þyngd í póst- pundum.
Vestmannaeyjar . . .	163	"	8	2	10	500 "	29
Eskifjörður . . . . .	29	2	"	"	1	" "	3
Seyðisfjörður . . . .	239	"	6	"	17	4772 "	98
Húsavík . . . . .	7	"	"	"	2	" "	7
Vopnafjörður . . . . .	14	"	2	"	3	" "	9
Akureyri . . . . .	120	"	8	5	38	444 97	642
Ísafjörður . . . . .	214	"	15	11	14	12220 "	121
Stykkishólmur . . . .	43	"	4	3	9	2180 "	44
Reykjavík . . . . .	9252	"	572	228	847	52572 55	3442
Hafnarfjörður . . . .	"	"	"	7	15	6245 "	47
Samtals	10081	2	615	256	956	78934 52	4442

1) Það er kallað póstpund hér að ofan, sem borgað hefur verið undir eins og heilt pund, hvort sem það er partur úr pundi eða heilt pund. Sending, sem vegur 3½ pd., verður því 4 póstpund, en skekkju þá, sem kemur fram við þetta, má laga með því, að draga helming bögglatölunnar frá póstpundunum, því þá koma hjer um bil út vanaleg pund.

Þessum skýrslum fyrir 1877 og 1879 er safnað svo, að hver póstsendingaskrá við póstreikninginn er tekin og dregin út úr henni öll brjef, sendingar o. s. frv., sem á henni standa, hvernig það er gjört sjest af aðalskýrslunni E hjer á eftir. Þessi aðferð, sem í rauninni er sú eina, sem höfð verður, kemst þó ekki að alveg rjettri niðurstöðu. Fyrst er nú, að jafnan vantar töluvert af póstsendingaskrá, og svo eru póstsendingaskrárnar á Íslandi ekki í fullkomnu formi — til þess að nákvæmar póstskeyrslur verði samdar eftir þeim. Þær vantar sjerstakar eyður fyrir brjef og sendingar lengra að, og fyrir brjef og sendingar lengra fram, og af því leiðir, að margar póstsendingar eru taldar tvisvar, án þess þó að högt sje að benda á, hve margar þær sjeu. Þetta á sjer stað með nokkuð af þeim brjefum, sem koma til brjefhirdingarstaðanna. Til að skýra þetta, skulum vjer taka eitt dæmi: Frá Reykjavík eru send með pósti nokkur brjef, sem eiga að fara norður á Siglufjörð, þessi brjef eru send til Akureyrar, og sett á póstsendingaskrána þangað, og talin þar. Póstafgreiðslumaðurinn á Akureyri safnar saman öllum brjefum til Siglufjarðar, og þar á meðal þeim, sem koma frá Reykjavík, sendir þau og póstsendingaskrá yfir þau til Siglufjarðar, brjefin frá Reykjavík eru þar með, og verða talin þar aptur.

En fyrir utan það, sem skrifað er með póstum, er jafnan skrifaður fjöldi af brjefum utanpósts með ýmsum ferðamönnum eða sendimönnum. Vjer skulum að eins benda á verzlunarreikninga, sem sendir eru frá hverjum kaupstað og upp í sveitirnar rjett eftir nýárið, og brjef, sem send eru suður og að sunnan með vermonnum. Það er eðlilegt, að fjöldi brjefa sje sendur utanpósts hjer á landi, þar sem póstgöngurnar verða að vera svo strjálar, að þær boeti að eins úr ýrustu nauðsynjum brjefritarans.